

### **13. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, haldinn í fjarfundi, mánudaginn 10. febrúar 2025 kl 13.00.**

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Arinbjörn Bernharðsson, Ástrós Þóra Valsdóttir, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Kristján Þór Kristjánsson, Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir, Matthías Lýðsson, Páll Vilhjálmsson, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Þorgeir Pálsson

Forföll boðuðu; Arnlín Óladóttir, Aníta Björk Pálínudóttir, Bragi Þór Thoroddsen, Eva Sigurbjörnsdóttir og Finnur Ólafsson,

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn frá Vestfjarðastofu Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar sem ritaði einnig fundargerð og Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri. Hinsvegar Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi frá Urbana ehf og Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur og Hlynur Torfason skipulagssérfræðingur frá VSÓ ráðgjöf.

Fundarefni. Náttúra og auðlindir, samfélag og menning, atvinnu og sóknarfæri og viðfangsefni því tengd.

Dagskrá;

1. Náttúra og auðlindir. Framhald umræðu síðasta fundar.
2. Samfélag og menning. Staða á mótun vinnslutillögu
3. Atvinna og sóknarfæri: Staða á mótun vinnslutillögu
4. Næsti fundur svæðisskipulagsnefndar á Ísafirði og skipulag vinnu fram til apríl n.k..

Formaður bauð fundarmenn velkomna til fundar og kannaði síðan með boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram og gengið var til dagskrár

1. Náttúra og auðlindir. Framhald umræðu síðasta fundar.

Formaður kynnti að þar sem ekki tókst ljúka umræðu um kaflann Náttúra og auðlindir var samþykkt að halda áfram með umræðu á þessum fundi. Markmiðið væri að fá fram sjónarmið fulltrúa sveitarfélaga um einstaka málefni og þær ályktanir sem dregnar eru af stöðumatinu og þá stefnupunkta sem liggja fyrir.

Formaður gaf Hrafnkeli og Herdísi orðið.

Lögð fram drög að uppdráttum af þjóðgarðskostum á Vestfjörðum, staðsetningu vatnsaflsvirkjana og flutningslínunum raforku.

Lögð fram til umræðu valkostir fyrir vinnslutillögu svæðisskipulags með vatnsaflsvirkjunum sem eru þegar í nýtingarflokki (Hvalá og Austurgil). Auk virkjana sem eru til umfjöllunar í rammaáætlun með tillögu um að þær fari í nýtingarflokk (Hvanneyrardalur, Tröllá og Skúfnavötn) og afléttingu friðunarskilmála friðlands í Vatnsfirði vegna Vatnsdalsvirkjunar. Vindorkuver í Garpsdal er til umsagnar í Samráðsgátt til loka apríl n.k. og á síðasta fundi var lagt til að fjallað yrði um sjávarorkuvirkjanir.

Til máls tóku. Jóhanna Ösp, Sigríður Júlía, Þorgeir, Matthías, Kristján Þór, Hjörleifur, Arinbjörn, Páll og Guðbjörg Stefanía.

Formaður þakkaði umræðuna og minnti á fund 27. febrúar n.k. þar sem framhald verði á umræðunni til að ná fram niðurstöðu í vinnslutillögu.

Lagðir fram valkostir vinnslutillögu um þjóðgarða á Vestfjörðum, Dynjandisþjóðgarð og Drangajökulþjóðgarð.

Formaður gaf orðið laust.

Til máls tóku Arinbjörn, Hrafnkell

Formaður óskaði eftir í ljósi umræðunnar að fá ítarlegri lýsingu á þjóðgarðskostum, Dynjandisþjóðgarður og Drangajökulþjóðgarður sem yrði lögð fram á næsta fundi nefndarinnar.

## 2. Samfélag og menning. Staða á mótun vinnslutillögu

Formaður gaf Hrafnkeli og Herdísí orðið. Þau kynntu drög að markmiðum og undirmarkmiðum kaflans Samfélagsþróun og samstarf, með undirmarkmiðum er varða lýðheilsu, menningarauð og þekkingarsköpun. Herdís fór yfir forsendur þessara markmiða.

Til máls tóku, Þorgeir, Lilja, Matthías, Aðalsteinn, Guðbjörg Stefanía, Hjörleifur, Hrafnkell og Páll

Formaður þakkaði umræðuna og fól skipulagsráðgjafa að vinna málin áfram í ljósi umræðu.

Hrafnkell fór yfir framlögð gögn á vefsíðu er varðar þróun í samstarfi sveitarfélaga á Vestfjörðum á skipulagstímanum í ljósi lýðfræðilegar þróunar og stefnu stjórnvalda í málefnum sveitarfélaga. Eins þá samspil við stefnumótun í uppbyggingu húsnæðis á skipulagstímanum.

Formaður gaf orðið laust, til máls tók Þorgeir,

3. Atvinna og sóknarfæri: Staða á mótun vinnslutillögu

Formaður gaf Hrafnkeli og Herdísi orðið, þau kynntu drög að meginmarkmiðum kaflans og sameiginlegum undirmarkmiðum. Þar sem fjallað er um framtíðarþróun atvinnulífs á stöðum hafsækinnar starfsemi og ferðaþjónustu sem byggir á náttúrufegurð og hágæða matarupplifun. Eins segir að stuðla eigi að að frumkvæði og öflugu nýsköpunarumhverfi á Vestfirðum.

Eins fjölluðu þau um hugmyndir að stefnumörkun í orkumálum og setningu markmiða um vægi atvinnulífsuppbygginar og samspili við markmið um orkuskipti og loftslagsstefnu á skipulagstímanum. Hér væri kjarnaverkefni sem fylgja yrði eftir á skipulagstímanum með aðkomu skipulagsnefndar með beinum hætti og eða fela starfshópi umsjón með málinu er mætti nefna orkuráð.

Til máls tóku, Kristján, Jóhanna, Lilja, Matthías, Hjörleifur, Hrafnkell

Formaður þakkaði umræðuna og leggur til að þessar hugmyndir fái nánari rýni fram að næsta fundi.

Tekið til umræðu stefnumörkun í ferðaþjónustu er varða jafnvægi milli hægrar ferðaþjónustu (upplifun) og fjölda ferðaþjónustu s.s. í tengslum við skemmtiskip m.a. hvort setja eigi stefnu um landtöku skemmtiferðaskipa.

Formaður gaf orðið laust, til máls tóku, Þorgeir, Lilja, Sigríður Júlía, Hjörleifur, Jóhanna Ösp, Kristján, Páll, Matthías, Guðbjörg,

4. Næsti fundur svæðisskipulagsnefndar á Ísafirði og skipulag vinnu fram til apríl

Formaður kynnti breytingu á boðun 14. fundar svæðisskipulagsnefndar. Fundurinn yrði staðfundur sem haldinn verði á Ísafirði. Með fundi nefndarinnar í dag væru allir meginþættir og viðfangsefni svæðisskipulagsins komin fram. Nú væri nauðsyn á að nefndin kæmi saman til fundar til að horfa heildrænt á verkefnið.

Hrafnkell, kynnti framgang vinnu fram til júní n.k. með skilum á vinnslutillögu til umsagnar. Auk fundar á Ísafirði 27. febrúar n.k. eru staðfundir boðaðir 10. mars og síðan kynning á drögum vinnslutillögu á Fjórðungspingi þann 2. apríl n.k. á Ísafirði.

Formaður gerði að tillögu að fundur 10. mars yrði haldinn á Patreksfirði og ítrekaði nauðsyn þess að fulltrúar allra sveitarfélaga mæti á þessa fundi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.15